

# Skerjagarður

Gleði-Frumkvæði-Sköpun



Handbók fyrir foreldra.  
Kynningarbæklingur fyrir nýja  
foreldra.

## Velkominn í leikskólann.

Í leikskólanum Skerjagarði er lögð áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í notalegu og öruggu umhverfi. Við leggjum mikla áherslu á gleði og jákvæðni í starfi.



Leikskólinn Skerjagarður, Bauganesi 13 í Skerjafirði, tók til starfa 1.apríl 2003. Hann er einkarekinn með þjónustusamning við Reykjavíkurborg. Rekstraraðilar eru Sóldís Harðardóttir leikskólakennari og Þórbjörn Sigurðsson. Þau tóku við rekstri Skerjagarðs 1.maí 2015.

Öll börnin eru í heilsdagsplássi, þ.e.a.s. átta, átta og hálfan eða níu tíma á dag. Á Skerjagarði eru tvær deildir, yngri deildin Ból er með börn á aldrinum átján mánaða til þriggja ára. Eldri

deildin Bakki er með börn á aldrinum þriggja til sex ára en aldursblöndun fer eftir aðstæðum hverju sinni.

## Hugmyndafræðin á bakvið starfið

Unnið er eftir *Aðalnámskrá Leikskóla*. Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia sem felur í sér mikla sköpun og góða sýn á barnið. Litið er á barnið sem hæfileikaríkan einstakling, sterkan og forvitin sem er tilbúinn er að takast á við ýmsar áskoranir daglegs lífs. Við teljum að börn læri mest og best gegnum eigin reynslu og uppgötvun. Allt nám á að veita börnum ánægju og áhuga á að læra meira. Börn verða að fá tækifæri til að upplifa gegnum skynfærin og námið þarf að vera áþreifanlegt.



Við teljum að góð samskipti á milli barna, starfsfólks og foreldra sé grunnur að góðu skólastarfi.

## Opinn efniviður-skapandi efnisveita

Í Reggio Emilia hefur þessi hugmyndafræði þróast og hluti af henni er að börnin vinna með verðlausan efnivið. Þá er safnað frá samfélaginu, fyrirtækjum og heimilum, ýmsu sem annars er hent. Þetta geta verið umbúðir, afgangar úr verksmiðjum eða hvað sem er. Á Skerjagarði er góð aðstaða til þess að vinna með svona efnivið. Markmiðið með þessari vinnu er að efla hugmyndaflug og frumkvæði barnanna en einnig að börnin læri

að sjá tækifæri í öllum hlutum, stórum sem smáum, verðmætum sem verðlausum.

### **Nánasta umhverfi - vettvangsferðir**

Í nánasta umhverfi Skerjagarðs er mikið um skemmtileg útvistarvæði, börnin fara oft í vettvangsferðir og sækja efnivið úr náttúrunni. Tínd eru laufblöð og könglar. Fjaran er mikið heimsótt þar sem lífríkið hennar er skoðað.

Elstu börnin fara á söfn og sýningar þar sem þau vinna úr upplifun sinni á fjölbreyttan hátt t.d.í myndlist, leir og einingakubbum.



## **Foreldrasamvinna / foreldrafélag**

Samskipti leikskóla og foreldra eiga að vera jákvæð ,byggð á trausti og virðingu. Mikilvægt er að foreldrar séu vel upplýstir um starf leikskólans .

- Upplýsingatöflur eru fyrir framan hvora deild, þar kemur fram t.d hvað hefur verið gert yfir daginn og hvað sé á döfinni.
- Matar- og svefnlisti er á upplýsingatöflu fyrir framan Ból.
- Á heimsíða leikskólans er að finna Skólanámskra leikskólans, starfsáætlun og aðrar hagnýtar upplýsingar. Þar er einnig hægt að finna umsóknarblað. [www.skerjagardur.is/](http://www.skerjagardur.is/)
- Foreldrafundur er að hausti þar sem starfið, starfsfólkið og hugmynda-fræði leikskólans er kynnt.
- Foreldraviðtöl eru á haustin og vorin að sjálfsögðu er alltaf hægt að fá foreldraviðtal.

- Foreldrakaffi er nokkrum sinnum á ári. Allir velkomnir.
- Um leið og barn hefur göngu sína á Skerjagarði verða forráðamenn þess meðlimir í foreldrafélaginu. Foreldrar greiða tvisvar á ári í foreldrafélagið. Foreldrafélagið hefur tekið þátt í :
- Jólaballi í Frostaskjóli með foreldrum ásamt systkinum og öðrum gestum.
- Fræðslukvöld með foreldrum.
- Leiksýning fyrir börnin á sumarhátíð Skerjagarðs.
- Þessar upptökur eru góður vettvangur fyrir foreldra og starfsfólk að kynnast
- Í stjórn foreldrafélagsins eru sex foreldrar og einn tengiliður leikskólans.
- Farið er í sveitaferð ásamt foreldrum og systkinum.



## Hagnýtar upplýsingar

### Vistunartími

Á Skerjagarði er boðið upp á 8 og 9 tíma vistun. Í upphafi velur foreldri vistunartíma fyrir barn sitt og er vinnutíma starfsfólks raðað samkvæmt því. Mjög mikilvægt er að foreldrar virði þann tíma sem sótt var um.

### Aðlögun

Þegar barn byrjar á Skerjagarði er lagt upp úr því að skapa barninu öryggi og vellíðan. Aðlögun barns er undirstaða þess að því líði vel í leikskólanum, þar er hornsteinninn lagður. Þátttökuaðlögun byggir meðal annars á þeirri trú að foreldrar

smiti eigin öryggiskennd, forvitni og spennu yfir þessum nýju aðstæðum yfir til barnsins. Með því að foreldrar séu virkir þátttakendur frá fyrsta degi, öðlast þeir öryggi og kynnast því hvernig dagurinn gengur fyrir sig. Aðlögunin tekur yfirleitt 3-4 daga.

## **Opnun og lokun**

Skerjagarður opnar 7:45 og er móttaka í Rjóðri (matsal) morgunmaturlausn er til klukkan 9:00 og þá fara börnin á sína deild.

Foreldrar eiga að fylgja barni sínu inn á deild eða Rjóður og láta í hendur starfsmanns. Foreldrar eru hvattir til að mæta með barn sitt á sama tíma í leikskólann, það skapar barninu öryggi og festu. Skerjagarður lokar klukkan 17.00



## **Fatnaður og fataklefinn**

Mikilvægt er að foreldrar merki allan fatnað barnanna vel. Við söfnum saman óskilafatnaði og setjum í körfu í fataklefunum og eru foreldrar hvattir til að yfirfara þær reglulega. Í fataklefa á Bakka eru körfur í hólfulum barnanna og eru þær hugsáðar til þess að setja aukaföt í þ.e. nærföt (nærbuxur og bol), sokka/sokkabuxur, peysu og buxur. Körfurnar eru ekki til þess að geyma vettlinga og húfur eða annan útifatnað. Í fataklefanum fyrir Ból eru hólfín ætluð fyrir útifatnað en aukaföt s.s samfellur og sokkabuxur eru í körfum inn á Bóli.

Fataklefarnir eru litlir og þeir bjóða ekki upp á töskur undir aukafatnað.

## **Veikindi barna**

Útivera er einn liður í starfsemi leikskólans og því er ekki gert ráð fyrir að börnin séu inni nema þau hafi verið veik. Almenna reglan er sú að barn fær að vera inni í tvo daga eftir veikindi.

## **Frídagar og starfsdagar**

Leikskólinn er lokaður ár hvert í ca 4. vikur (24 orlofsdagar) Sumarfrí er yfirleitt í júlí. Starfsdagar/námskeiðsdagar eru sex á ári, Einnig er leikskólinn lokaður á Þorláksmessu (starfsdagur) og milli jóla og nýárs.

## **Heimasíða Skerjagarðs**

Þar er að finna flestar upplýsingar um leikskólann, hvað er á döfinni, myndir úr daglegu starfi, stundaskrá mánaðarins, matseðil og fleira fróðlegt. Heimasíðan er góð leið fyrir foreldra og börn að fylgjast með. Myndir eru settar reglulega inn á heimasíðuna. Til þess að skoða myndirnar þarf lykilorðið.

[www.skerjagardur.is](http://www.skerjagardur.is)

## **Stundarskrá mánaðarins**

Þar koma fram ýmsar upplýsingar t.d. hvenær börnin eru í hópastarfi, afmælis dagar þeirra, hvenær farið er í vettvangsferðir og hvað er gert á öðruvísi dögum.

---

## Daglegt starf á Skerjagarði

### Borðhald

Á Skerjagarði er lögð áhersla á heimilislegan og góðan mat. Matseðill mánaðarins fer á heimasíðuna þannig að foreldrar geti fylgst með. Matartímar og borðhald hafa mikið uppeldis-legt gildi. Þar gefst tækifæri til skemmtilegra samræðna og lögð er áhersla á að börnin tileinki sér góða borðsiði.

### Afmæli

Afmælisbarnið er stjarna dagsins, býr til kórónu, býður til borðs og fær afmælis disk og glas til að nota yfir daginn. Börnin mega koma með snakk eða ávexti að heiman til að bjóða börnunum. Flaggað er í tilefni dagsins.



### Samverustundir

Börnunum er skipt í hópa eftir þroska og aldri, farið er í leiki, sögur lesnar eða sagðar. Stundirnar gegna mikilvægu hlutverki fyrir félags- og málþroska barnanna, þau tjá sig og hlusta á aðra. Einu sinni í viku er framsögn þá segja börnin frá einhverju skemmtilegu sem á daga þeirra hefur drifið. Sameiginleg söngstund er á föstudagsmorgnum kl.9:00 og þá eiga Ból- og Bakkabúar skemmtilega stund saman.



## Val / flæði

Á Skerjagarði er val hluti af daglegu starfi. Val gefur börnum kost á fjölbreyttum verkefnum þar sem húsnæði og búnaður Skerjagarðs nýtist vel.

## Útivera

Útivera er stór þáttur í starfsemi leikskólans og fara öll börn út að jafnaði einu sinni á dag. Farið er í gönguferðir um nánasta umhverfi leikskólans en elstu börnin fara í lengri vettvangsferðir. Útivera er börnum holl, styrkir þau og eflir. Í útiveru gefast mörg tækifæri til náms, t.d um náttúruna og veðrið. Lögð er áhersla á frjálsta leikinn, einnig er farið í hópleiki. Lögð er áhersla á að börn njóti útiverunnar.

## Elstu börnin

Öll börn í elsta árgangi á Bakka fara í vinnustund. Unnið er markvisst með málörvun þar sem unnið er með rím, runur, þulur, hlustun og athyglisleiki. Einnig er unnið með



grunnþætti stærðfræðinnar í gegnum leikinn. Samstarf er milli leik- og grunnskóla, börnin í Skerjagarði fara í heimsóknir í Melaskóla yfir veturinn.

## **Íþróttir í KR**

Einu sinni í viku fara eldri börnin á Bakka í skipulagða hreyfingu í KR. Hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan ,gleði , snerpu og þoli. Þar eru settar upp skemmtilegar stöðvar, gerðar eru æfingar farið er í boltaleiki ásamt mörgu öðru skemmtilegu.

## **Tónlist**

Einu sinni í viku er farið í skipulagða tónlistarstund í Gleðigarði, þar fá börnin tækifæri til að dansa, syngja og hlusta, vera skapandi og tjá sig í leik með tónlist.

## **Leikurinn**

Lögð er rík áhersla á frjálsa leikinn því leikurinn er mikilvæg náms og þroskaleið. Í gegnum leikinn fær barnið tækifæri til að vinna úr reynslu sinni og þroska félagslega hæfni sína. Hann eflir einnig málþroska, frumkvæði og ímyndunarafli barnsins. Við leggjum áherslu á að leikurinn fái nægan tíma og rými í dagskipulaginu.

## **Hópastarf/þema**

Börnin á Bakka og eldri árgangurinn á Bóli styðjast við könnunarnám í öllu daglegu starfi. Könnun er rannsókn eða athugun þar sem farið er ofan í kjölinn á ákveðnu viðfangsefni . Unnið er í litlum hópum út frá áhugasviði barnanna á fjölbreyttan hátt og fléttað saman við allt daglegt starf t.d. tónlist, leiklist, myndsköpun, hreyfingu og tjáningu.

## **Könnunarleikur á Bóli.**

Könnunarleikurinn fer þannig fram að safnað hefur verið saman í poka alls konar "verðlausum" hlutum. Þetta eru hlutir eins og keðjur, lykklar, dósir og lok. Eftir að hlutum pokans hefur verið raðað á gólfið hefst leikurinn. Börnin leika sér ótrufluð án fyrirmæla frá kennara því börnin eru að rannsaka og upplifa á eigin forsendum.

## **Samskipti**

Á Skerjagarði viljum við hafa opin og góð samskipti við foreldra þar sem það er grunnur að vellíðan barnanna. Börn læra það sem fyrir þeim er haft og við sem starfsfólk og foreldrar eru fyrirmyndir þeirra. Við Á skerjagarði viljum leggja áherslu á kærleiksríkt uppeldi með því að temja okkur lága og blíða rödd, jákvæða útgeislun, mjúkar hreyfingar og förum í hæð barnanna þegar við tölum við þau. Við erum stöðugt vakandi yfir hæfileikum og kostum þeirra með því að hrósa þeim, þannig að börnin upplifi sig einstök og hæfileikarík.



Leikskólinn

**SKERJAGARÐUR**

-fullur af lífi & fjöri

## **Skerjagarður**

Bauganes 13, 101 Reykjavík s: 551-8088

Sóldís Harðardóttir leikskólastjóri s: 8485213

Guðfinna Kristjánsdóttir aðst.leikskólastjóri s: 8221712

[www.skerjagardur.is](http://www.skerjagardur.is)

[skerjagardur@skerjagardur.is](mailto:skerjagardur@skerjagardur.is)

[skerjagardurbakki@skerjagardur.is](mailto:skerjagardurbakki@skerjagardur.is)

[skerjagardurbol@skerjagardur.is](mailto:skerjagardurbol@skerjagardur.is)